

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



Dags eftirlits	29.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Eskja hf. Eskifirði	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Strandgötu 2 / Marbakka	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6301694299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Haukur L Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	734232,988 517289,471

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Grænt bókhald sem var skilað vegna ársins 2023 var ekki fullnægjandi. 2) Í frárennismælingum sem gerðar voru 11.-12. desember 2023 var styrkur svifagna, COD og fitu yfir heimiluðum mörkum. 3) Þann 4. maí 2023 mældist TVN yfir leyfilegum mörkum. 4) Hreinlætisáætlun var ekki til staðar. Þrjár ábendingar voru settar fram: 1) Uppfæra þarf áætlun vegna rekstrarstöðvunar. 2) Uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda. 3) Merkja þarf sýrugeymi sem stendur utandyra við verksmiðjuna. Þrjú eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Hreinsunarkar hefur ekki verið tengt við frárennli verksmiðjunnar. 2) Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennli verksmiðjunnar er ekki lokið. 3) Óhreinsuðum grút var veitt til sjávar þann 23. maí 2023.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Eskju á Eskifirði.

Fiskimjölsverksmiðja Eskju er með starfsleyfi sem gildir til 1. september 2031. Það heimilar að framleitt sé úr allt að 1000 tonnum af hráefni á sólarhring. Engin vinnsla var í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Þrjú eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram. Samkvæmt úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 24. apríl 2024, átti úrbótum á þeim öllum að vera lokið haustið 2024. Fyrsta frávik varð að hreinsunarkar hefur ekki verið tengt við frárennli verksmiðjunnar. Samkvæmt áður nefndri úrbótaáætlun var hreinsunarkar tengt fyrir fyrsta febrúar 2024. Þegar eftirlitið fór fram var hreinsun frárennslis ófullnægjandi og er því ekki tilefni til að loka frávikinu. Annað frávik var opið þegar eftirlitið fór fram varð að heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennli verksmiðjunnar er ekki lokið. Samkvæmt úrbótaáætluninni átti að ljúka þeim mælingum sem vantar, á makríl- og síldarvertíðum ársins. Mælingar voru gerðar á síldarvertíð en niðurstöður þeirra standast ekki þær kröfur sem eru gerðar í starfsleyfi. Engar mælingar voru gerðar á makrílvertíð. Ekki er tilefni til að loka frávikinu. Þriðja opna frávik varð að óhreinsuðum grút var veitt til sjávar þann 23. maí 2023. Samkvæmt sömu úrbótaáætlun og hefur verið nefnd áður, var keyptur búnaður til að vakta fitu í frárennli. Einnig átti að setja upp myndavél og rennismæli. Rennismælirinn virkar en búnaðurinn ekki. Þær úrbætur sem hafa verið gerðar eru ekki fullnægjandi og því ekki tilefni til að loka frávikinu.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi var skilað þann 26. mars 2024, bókhaldið var ekki metið fullnægjandi þar sem undirskriftir vantaði á það. Skráð er frávik vegna þess. Fullnægjandi grænt bókhald barst eftirlitsaðila þann 17. desember 2024.

Ústreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 26. apríl 2024. Frárennismælingar voru gerðar 11.-12. desember 2023. Niðurstöður mælinganna voru að styrkur svifagna, COD og fitu var yfir heimiluðum mörkum og er það skráð sem frávik frá starfsleyfi. Mæling á fitu í frárennli var endurtekin í janúar 2024 og var styrkur fitu þá innan heimilaðra marka.

Niðurstöðum TVN-mælinga skal skila með grænu bókhaldi. Öllum TVN-gildum fram til apríl 2024 var skilað áður en kom að skilum á grænu bókhaldi fyrir árið 2023. Auk þess var TVN gildum til og með september 2024 skilað í kjölfar eftirlitsins. Einu sinni á tímabilinu frá maí 2023 til og með september 2024 mældist TVN yfir 100 mg N/100g og er skráð frávik vegna þess.

Lýsisgeymir nr. 1 var þykktarmældur í nóvember árið 2018 og geymar nr. 2 og 3 voru þykktarmældir í apríl árið 2020.

Lýsislagnir rekstraraðila voru þrýstiprófaðar í nóvember 2022. Þykktarmæla þarf lýsisgeyma á tíu ára fresti og þrýstiprófa á niðurgrafnar lýsislagnir á fimm ára fresti.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 og var skírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar var til staðar en upplýsingar vantar um þá aðila sem rekstraraðili hefur samninga við um að sinna ákveðnum þáttum áætlunarinnar. Auk þess vantar upplýsingar á hana um hvenær hún var endurskoðuð. Hreinlætisáætlun var ekki til staðar. Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda var til staðar en upplýsingar um viðbragðsaðila þarf að uppfæra. Rekstraraðila er einnig bent á að áætlunin skal uppfylla skilyrði í viðauka 1B í lögum nr. 33/2004. Skráð er frávik vegna þess að hreinlætisáætlun vantar en ábendingar vegna þess að uppfæra þarf aðrar áætlanir.

5. Önnur mál

Í eftirlitinu var rætt um að olía hefur greinst í lögnum neðan við verksmiðju rekstraraðila. Ekki er vitað hvaðan olían kemur en ljóst er að um talsvert magn er að ræða. Áfram þarf að fylgjast með að olía berist ekki frá verksmiðjunni út í lagnir sveitarfélagsins.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Hreinsunarkar og hreinsivirki verksmiðjunnar var skoðað. Þrátt fyrir að engin vinnsla hafi verið í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram var vatnið sem barst í hreinsivirkið talsvert óhreint. Hreinsivirkið hafði augljóslega ekki undan að hreinsa frárennslisvatnið og er því greinilegt að lagfæringa er þörf. Eins og kom fram áður var skráð frávik vegna þess að styrkur svifagna, COD og fitu var of hár í frárennslisvatni og því er ekki skráð frávik hér. Lokaður geymir fyrir síru stendur utan við verksmiðjuna. Rekstraraðila er bent á að merkja hvað er í honum. Merkingin er eingöngu hugsuð til upplýsinga því geymirinn er alveg lokaður. Engar frekari athugasemdir voru gerðar við umgengni eða frágang.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.3. í starfsleyfi	Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Gr. 2.17 í starfsleyfi	Í mælingu sem var gerð í desember 2023 var styrkur svifagna, COD og fitu í frárennslisvatni yfir leyfilegum mörkum.
Gr. 2.2 í starfsleyfi	TVN gildi mældist yfir leyfilegum mörkum þann 4. maí 2023.
Gr. 2.23 í starfsleyfi	Hreinlætisáætlun er ekki til staðar.


ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Uppfæra þarf áætlun vegna rekstrarstöðvunar. 2) Uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda. 3) Merkja þarf sýrugeymi sem stendur utandyra við verksmöjuna.

Reykjavík, 20.12.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Freyr Evarsson